



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 02.11.2020
Tilvísun: 202010-0029

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, 159. mál, 151. löggj.þing – Umsögn ASÍ

Líkt og rakið er í greinargerð frumvarpsins þá er frumvarp þetta afurð mikillar vinnu og samráðs aðila vinnumarkaðarins sem haldið var utan um og stýrt af sérfræðingum ráðuneytisins.

Félagsdómur er sérdómstóll sem hefur það mikilvæga hlutverk að dæma um um túlkun kjarasamninga svo og að skera úr um ágreining sem upp getur komið um túlkun laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Því má segja að Félagisdómur sé einn af hornsteinum þess vinnumarkaðskerfis sem hefur verið lýði hér á landi frá árinu 1938. Aðilar vinnumarkaðarins hafa vissulega tekist hart á en allan tímann hefur þó verið sátt um Félagisdóm, hlutverk hans, skipan og virkni. Frumvarpið sem nú liggur fyrir er afrakstur vinnu þar sem sameiginlegt verkefni var að bregðast við þörfum og góðum ábendingum Greco án þess að kollvarpa hlutverki og verklagi Félagisdóms.

Að mati ASÍ hefur vel til tekist með því frumvarpi sem nú liggur fyrir og hvetur ASÍ löggjafann að stuðla að því að frumvarpið í þeirri mynd sem það er lagt hér fram, í góðri sátt við aðila vinnumarkaðarins, verði að lögum.

f.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Oddsson lögfr.
halldoro@asi.is / s. 5355600